

- 179 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Austur-Landeyja-  
29/6 '44 hrepps“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. júní  
1944. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Menningarsjóðs Austur-Landeyjahrepps.

#### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sæmundi Ólafssyni, bónda að Lágafelli í Austur-Landeyjum og konu hans, Guðrúnu Sveinsdóttur, með 2500 króna gjöf á sjötugs-afmæli Sæmundar, 29. júní 1944.

#### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur úr Austur-Landeyjahreppi í væntanlegum héraðsskóla Rangæinga eða til hagnýts framhaldsnáms annars staðar.

#### 3. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa er höfuðstóll hans nemur 10000 krónum.

Skal þá jafnan verja  $\frac{3}{5}$  hlutum ársvaxtanna til styrkveitinga samkvæmt tilgangi hans.

#### 4. gr.

Sérstök sjóðnefnd skal hafa á hendi styrkveitingar úr sjóðnum. Styrki skal veita án umsóknar.

Sjóðnefnd skipa skólastjóri héraðsskólans og er hann formaður nefndarinnar, oddvitinn í Austur-Landeyjahreppi og sóknarprestur Krosssóknar.

Sjóðnefnd skal halda sérstaka gerðabók.

#### 5. gr.

Nú telur sjóðnefnd ekki ástæðu til að úthluta styrk eitthvert ár og skal henni þá heimilt að ákveða, að féð skuli geymast til úthlutunar síðar, ella skal það lagt við höfuðstól.

#### 6. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn sýslunefndar Rangárvallasýslu, er annast vörzlu hans og reikningshald. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og birtir á sama hátt og sýslureikningarnir.

Sýslunefnd tilkynnir sjóðnefnd hversu mikið fé falli til styrkveitinga ár hvert.

#### 7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði eða í íslenskum ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða sparissjóði, sem nýtur ríkisábyrgðar.

Sjóðnefnd skal vinna að því, að afla sjóðnum tekna, eftir því sem ástæður eru til.

Allar tekjur sjóðsins, að undanteknu því, er úthlutað er samkvæmt 3. grein, leggjast við höfuðstól.

#### 8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Lágafelli, 29. júní 1944.

Guðrún Sveinsdóttir. Sæm. Ólafsson.